

Efnisyfirlit

Allsherjar- og menntamálanefnd	3
Málefni hinsegin fólks	3
Innflytjendur og fólk á flóttu	4
Samfélag fyrir okkur öll	4
Opinber þjónusta og upplýsingagjöf	4
Menntun og atvinna.....	4
Fólk á flóttu.....	5
Menning og listir	6
Menntun fyrir okkur öll	8
Góður grunnur	8
Nám til framtíðar	8
Menntasjóður námsmanna	9
Rammi menntunar	9
Atvinnuveganefnd	11
Landbúnaður	11
Loftslagsmál og náttúruvernd	11
Starfsumhverfi landbúnaðarins.....	12
Ný hugsun – ný tækifæri	12
Matvælastefna	14
Hollur matur er heilbrigðismál.....	14
Nýsköpun í hringrásarhagkerfinu.....	15
Matvælaöryggi	15
Efnahags- og fjármálanefnd	17
Efnahagsmál	17
Ríkisfjármál og skattar	17
Lög um opinber fjármál.....	18
Samspil efnahagsstjórnar og vinnumarkaðar	19
Gjaldmiðilsmál	20
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd	22
Lýðræðislegt samfélag	22
Stjórnkerfi og fjölmiðlar	22
Umbætur á stjórnarskrá.....	23
Vinnumarkaður og tækniþróun.....	23

Umhverfis- og samgöngunefnd.....	24
Orkumál.....	24
Orku til allra landsmanna.....	24
Orkuöflun í sátt við samfélag og náttúru	24
Orkuskipti	25
Vindorka.....	26
Velferðarnefnd	27
Velferðarsamfélagið.....	27
Félags- og velferðarþjónusta.....	27
Heilbrigðisþjónusta.....	27
Húsnæðismál.....	29
Vinumarkaðsmál	29
Almannatryggingar.....	30
Málefni fatlaðs fólks.....	31

Allsherjar- og menntamálanefnd

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37

Málefni hinsegin fólks

Fólk á að njóta fullra réttinda í samfélaginu óháð því hvernig það skilgreinir sig. Í mörgu hefur réttarstaða hinsegin fólks verið löguð og réttindi þess aukin en margt er enn óunnið. Gera þarf gangskör til að uppræta fordóma, útskúfun og ofbeldi í garð hinsegin fólks og það á að vera metnaðarmál að ráðast í kerfislegar og samfélagslegar breytingar sem bæta líf og tilveru þess. Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur höfuðáherslu á jafnræði fólks í millum og að vera í virku samtali við hinsegin samfélagið í þeirri vinnu. Markmið íslenskra stjórnvalda á að vera að koma Íslandi efst á Regnbogakort ILGA-Europe.

Rík áhersla hefur verið lögð á í vinnu hreyfingarinnar að bæta stöðu hinsegin fólks með ýmiss konar lagasetningu eins og t.d. lög um kynrænt sjálfræði og lög um atvinnuöryggi trans fólks og skal áfram haldið á sömu braut. Málefni hinsegin fólks skulu ávallt höfð með í þeim samfélagsbreytingum sem hreyfingin vinnur að enda verður jöfnuði ekki náð fyrr en hinsegin fólki verða tryggð aukin tækifæri og sjálfsögð réttindi á Íslandi.

- Stjórnvöld eiga að setja sér skýra stefnu í málefnum hinsegin fólks og gera tímasetta aðgerðaráætlun upp á það sem vantar. Stefnumótunin á að vera í góðu samstarfi við hinsegin samfélagið á Íslandi enda er málaflokkurinn fjölbreyttur og í mikilli mótun. Mikilvægt er að stjórnvöld geti brugðist hratt og örugglega við til að tryggja réttindi hinsegin fólks.
- Hverskyns hatursorðræða og hatursglæpir í garð hinsegin fólks eiga aldrei að líðast. Setja þarf skýran lagaramma um hatursorðræðu og hatursglæpi gegn hinsegin fólki. Viðbragðsaðilar þurfa að geta spornað gegn og brugðist við slíku á grundvelli skýrra laga og viðbragðsáætlana.
- Auka þarf vernd intersex fólks enn frekar og sér í lagi intersex barna. Á þeim skulu aldrei gerðar ónauðsynlegar aðgerðir til þess eins að „lagfæra“ líkama þeirra.
- Stjórnvöld eiga að leita allra leiða til að taka á móti fleira hinsegin fólki á flóttu. Móta þarf stefnu um móttöku hinsegin fólks sem leitar að alþjóðlegri vernd.
- Blóðgjafir karla sem stunda kynmök með öðrum körlum verði heimilaðar. Blóðgjafir verði skimaðar óháð kynhegðun þeirra einstaklinga sem gefa blóðið.
- Bæta þarf þjónustu við trans börn, foreldra þeirra og forsjáraðila. Tryggja þarf jafnan aðgang að þjónustu við þennan hóp óháð búsetu og efnahag.
- Hagsmunasamtök hinsegin fólks á Íslandi gegna lykilhlutverki í réttindabaráttu hinsegin samfélagsins. Innan þeirra vébanda eru sérfræðingar í málefnum hinsegin fólks og nauðsynlegt er að leitað sé til þeirra við alla stefnumótun
- Tryggja þarf virkt samtal, þátttöku og aðkomu hagsmunasamtaka hinsegin fólks í opinberri stefnumótun um hinsegin mál og framkvæmd hennar með stuðningi við rekstur og fræðslustarf.

38 Innflytjendur og fólk á flóttu

39 Samfélag fyrir okkur öll

40 **Vinstrihreyfingin – grænt framboð** telur að fjölbreytileiki sé styrkur hvers samfélags og því
41 á íslenskt samfélag að taka þeim fagnandi sem hingað koma, óháð uppruna þeirra eða
42 þeim forsendum sem dvölin byggir á. Fólk sem sest að á Íslandi á að hafa sömu tækifæri og
43 aðrir íbúar svo sem til atvinnuöryggis, húsnæðisöryggis og tryggjar heilbrigðisþjónustu.
44 Réttlátt og öflugt samfélag nýtur hæfileika og þekkingar allra óháð uppruna. Þá væri mikill
45 styrkur af aukinni þátttöku innflytjenda í stjórnámálum. Fordómar sem byggja á uppruna og
46 trúarbrögðum verða ekki liðnir á Íslandi, né heldur orðræða og framkoma sem felur í sér
47 hatur og tortryggni gagnvart innflytjendum. Við fögnum þeim áföngum sem nú þegar hafa
48 náðst t.a.m. Móttökustöð flóttafólks og að heildarstefnumótun í málaflöknum sé farin af
49 stað.

50 Opinber þjónusta og upplýsingagjöf

51 Opinberum aðilum ber að gæta jafnræðis við veitingu grunnþjónustu. Einstaklingar skulu
52 ekki líða fyrir tungumálakunnáttu sína og uppruna í samskiptum við stjórnvöld og stofnanir.

- 53 • Öflug upplýsingagjöf um íslenskt samfélag, réttindi, skyldur, félags- og
54 heilbrigðisþjónustu, menntun og menningu, atvinnu og húsnæði eflir fólk til virkrar
55 samfélagsþátttöku, veitir því öryggi, bætir réttindi þess og stöðu í samfélaginu og
56 vinnur gegn einangrun og jaðarsetningu. Stjórnvöld skulu hafa frumkvæði að því að
57 veita innflytjendum nauðsynlegar upplýsingar og tryggja starfsfólki fræðslu svo það
58 geti sinnt hlutverki sínu við að miðla þeim. Mikilvægt er að auðvelt aðgengi sé að
59 upplýsingum, þjónustu og ráðgjöf. Þeim sem ekki skilja íslensku skal standa til boða
60 túlkun svo tryggja megji að þau fái fullnægjandi aðstoð og þjónustu.
- 61 • Efla þarf samstarf ríkis og sveitarfélaga enn frekar vegna þjónustu við innflytjendur og
62 fólk á flóttu eins og með samræmdri móttöku flóttafólks. Mikilvægt að sem flest
63 sveitarfélög taki þátt í samræmdri móttöku fólks á flóttu og fái þannig nauðsynlegan
64 stuðning.
- 65 • Huga þarf sérstaklega að stöðu kvenna af erlendum uppruna. #Metoo-sögur kvenna
66 af erlendum uppruna sviptu hulunni af því að þær eru útsettar fyrir kerfisbundinni
67 mismunun og ofbeldi. Vegna þessa skal sérstaklega gætt að réttindum þeirra í allri
68 upplýsingagjöf, stefnumótun og aðgerðum.

69 Menntun og atvinna

- 70 • Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill að öllum innflytjendum sé tryggð
71 íslenskukennsla á kostnað atvinnurekenda, á vinnutíma án launataps. Veita þarf góða
72 íslenskukennslu fyrir innflytjendur, auka fjölbreytni og aðgengi að henni.
- 73 • Vinnumarkaðurinn þarf að meta að verðleikum þá menntun og reynslu sem fólk
74 kemur með hingað svo flest geti starfað við sitt fag, sjálfu sér og samfélaginu öllu til
75 góða. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að innflytjendur hafi sömu tækifæri til að
76 bæta við sig menntun og aðrir.
- 77 • Börn og ungmenni sem ekki eiga íslensku að móðurmáli eiga að geta staðið jafnfætis
78 jafnöldrum sínum í námi og þarf ráðuneyti menntamála í samvinnu við sveitarfélögin
79 að stórauka þjónustu, stuðning og námsframboð fyrir þennan hóp og fjölskyldur

- 80 þeirra. Börn með íslensku sem annað tungumál eiga að hafa aðgang að
81 móðurmálskennslu sem og íslenskukennslu. Efla þarf ráðgjöf til kennara og fagfólks
82 vegna slíkrar kennslu sem og kennaramenntun á sviði fjöltyngi og fjölmenningarlegra
83 kennsluhátta. Mikilvægt er að bjóða upp á stuðning við nám og efla til muna
84 samskipti skóla og foreldra.
- 85 • Berjast þarf gegn mismunun og misnotkun á vinnumarkaði af fullri hörku. Allt fólk
86 sem starfar á Íslandi á að njóta fullra réttinda á vinnumarkaði. Mansal,
87 launaþjófnaður, félagsleg undirboð og önnur misnotkun á vinnuafli skal aldrei líðast.
88 Styrkja þarf lagaumhverfi og opinbert eftirlit.
 - 89 • Upplýsingar um stöðu á vinnumarkaði, réttindi og skyldur þurfa að vera aðgengilegar.
90 Auðvelda þarf ríkisborgurum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að fá
91 atvinnuréttindi. Nauðsynlegt er að opnar séu ólíkar leiðir fyrir fólk í ólíkum aðstæðum
92 til að setjast að hér á landi.
 - 93 • Skapa þarf aðstæður og ryðja úr vegi hindrunum svo innflytjendur hafi jafnan kost á
94 að taka þátt í stjórnmálum.

95 Fólk á flóttu

96 Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur að málefni fólks á flóttu hafi til þessa verið of lituð af
97 því að vera stjórnábyrgð frekar en þjónustu við fólk með mannúð og virðingu að
98 leiðarljósi.

- 99 • Aldrei hafa fleiri þurft að yfirgefa heimili sín vegna stríðsátaka, ofsókna,
100 loftslagsbreytinga og fátæktar. Ísland á að taka vel á móti fólki á flóttu og
101 umsækjendum um alþjóðlega vernd. Mikilvægt er að fólk sem hingað leitar í skjól fái
102 skjóta, góða og sanngjarna málsmeðferð. Skilvirkni kerfisins á aldrei að vera á kostnað
103 mannúðar- og réttlætissjónarmiða. Fólk sem hingað leitar hefur sama rétt til
104 manlegrar reisnar og sömu mannréttindi og aðrir í okkar samfélagi. Þá skal tryggja
105 hinsegin fólki á flóttu sérstaka vernd í lögum um útlendinga.
- 106 • Mikilvægt er að taka undir ítrekaðar ábendingar Flóttamannastofnunar Sameinuðu
107 þjóðanna um heimild ríkja til að taka umsóknir til efnismeðferðar þó svo að þau beri
108 ekki ábyrgð á henni samkvæmt öðrum ákvæðum. Standa ber vörð um upphaflegan
109 tilgang Dyflinnarsamstarfsins, að aðildarríki deili ábyrgð vegna komu fólks á flóttu til
110 Evrópu en varpi henni ekki yfir á önnur ríki.
- 111 • Börn á flóttu, bæði þau sem eru fylgdarlaus og þau sem eru í fylgd foreldra /
112 forsjáraðila, eru fyrst og síðast börn og meta skal aðstæður þeirra með sjálfstæðum
113 hætti. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmáli Evrópu, og aðrir
114 alþjóðasamningar er varða réttindi barna og Ísland er aðili að, skulu alltaf hafðir að
115 leiðarljósi þegar fjallað er um mál barna á flóttu. Fylgdarlaust barn á flóttu er í
116 viðkvæmri stöðu og á rétt á skólagöngu og þjónustu í samræmi við hana. Tryggja þarf
117 að húsnæði sem fylgdarlausum börnum býðst við komuna til landsins sé öruggt og
118 barnvænt. Ef aldur barns er á reiki skal barnið ætíð njóta vafans. Sé nauðsynlegt að
119 leggja mat á aldur barns skal gera það með heildstæðu mati og aldrei skal notast við
120 aldursgreiningar á tönnum

121 **Menning og listir**

122 **Framsækin og fjölbreytt menningarstarfsemi er ein af undirstöðum íslensks samfélags og**
123 **hluti af langri sögu, menningararfi og íslenskri tungu. Fjölbreytt menning án aðgreiningar**
124 **er drifkraftur litríks samfélags.**

125 **Menning á að vera aðgengileg öllum hópum samfélagsins og afnema þarf hindranir sem**
126 **kunna að vera til staðar svo fólk geti notið margs konar menningarforms. Að sama skapi**
127 **eiga börn að hafa greitt aðgengi að menningu og listum og það á að efla möguleika þeirra**
128 **á að sækja menningartengda viðburði og þátttöku í hvers kyns skapandi starfi og listnámi.**

129 **Áfram þarf að styðja af krafti við menningarstofnanir, listaskóla og faglega úthlutunarsjóði**
130 **og efla listnám á öllum skólastigum enda er menntun g grundvöllur öflugs**
131 **menningarstarfs. Víðtækt hlutverk menningar og lista í samfélaginu á að byggja á sterkri**
132 **skilvirkri stjórnáslu og þverfaglegu samstarfi innan stjórnkerfisins í bland við gróskumikla**
133 **og óbeislaða starfsemi frumkvöðla í lista- og menningarlífinu.**

- 134 • Endurskoða þarf lagaumhverfi listmenntunar. Unnið hefur verið að því að tryggja
135 samstarf ríkis og sveitarfélaga um tónlistarmenntun en það þarf að gera á fleiri
136 sviðum eins og t.d. á sviði listdans, kvikmyndagerðar, myndlistar og leiklistar. Aðgengi
137 að faglegu listnámi allt frá grunnnámi til háskólastigs er undirstaða blómlegs lista- og
138 menningarlífs.
- 139 • Hefja á byggingu nýs húsnæðis fyrir Listaháskóla Íslands í Tollhúsinu í Reykjavík. Meta
140 þarf hvort rétt sé að LHÍ verði opinber stofnun og tryggja um leið að ekki verði tekin
141 skólagjöld. Brýnt er að styðja bæði við menningarstofnanir og sjálfsprottna
142 menningarstarfsemi með fjármagni og sterkri stjórnáslulegri umgjörð. Fjárveitingar
143 eiga að byggja á faglegum forsendum og verkefni skulu vera metin af fagaðilum.
144 Samvinna menningarstofnana er mikilvæg til að auka nýbreytni í menningarlífinu og
145 til að fjármunir nýtist sem best.
- 146 • Menningarstefna á Íslandi á að snúast um þátttöku allra. Sérstaklega þarf að efla
147 þátttöku þeirra sem síst sækja sér menningartengda upplifanir vegna hindrana í
148 samfélaginu og aðstöðumunar. Menning og listir eru mikilvægur hluti samfélagsins
149 og þátttaka í menningarstarfsemi og fjölbreyttu, skapandi liststarfi bætir lýðheilsu og
150 eflir fólk með ólíkan bakgrunn til þátttöku í samfélaginu.
- 151 • Menning og listir hafa mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna, þær eru
152 veigamikil stoð í fjölbreyttu atvinnulífi og hagræn áhrif þeirra skipta verulegu máli.
153 Leggja þarf aukna áherslu á að menningarstarfsemi sé fjárfesting til framtíðar, ávísun
154 á aukna verðmætasköpun og fjölbreytt og dýrmæt störf. Efla þarf launasjóð
155 listamanna og verkefnasjóði listgreina ásamt því að tryggja listamönnum gott
156 starfsumhverfi og að hið opinbera greiði þeim fyrir vinnu sína.
- 157 • Varðveisla menningarminja gerir okkur kleift að þekkja menningararf þjóðarinnar og
158 tryggja að honum verði skilað áfram til komandi kynslóða. Styrkja þarf stöðu minja-
159 og menningarvörslu með áframhaldandi faglegu og stjórnáslulegu sjálfstæði og
160 tryggja nægilegt fjármagn svo málaflokkurinn geti sinnt lögbundnum skyldum sínum.
161 Ísland geymir fjöldann allan af menningarminjum sem brýnt er að skrá og rannsaka

- 162 en víða eru merkar minjar í hættu m.a. vegna ýmissa framkvæmda,
163 loftslagsbreytinga; jarðraskana og ágangs sjávar.
- 164 • Fornleifasjóður og Húsafriðunarsjóður gegna lykilhlutverki í stuðningi við björgun
165 menningararfsins og standa verður vörð um sjóðina innan faglegrar sjálfstæðrar
166 stofnunar með þekkingu á málafloknum. Jafnframt þarf að tryggja faglega og góða
167 samvinnu milli málaflokka minjaverndar og annarra málaflokka þar sem þverfaglegt
168 samstarf kann að vera til staðar.
 - 169 • Möguleikar íslenskrar tungu í stafrænum heimi hafa verið stórefldir og brýnt er að
170 halda áfram á þeirri braut þannig að íslensk tunga verði gjaldgeng á stafrænu formi
171 og nothæf í öllum tölvum og tækjabúnaði. Á næstu árum þarf að vinna ötullega að því
172 að tryggja nægar fjárveitingar til þessa verkefnis. Að auki þarf að gera gangskör að því
173 að koma menningararfinum á stafrænt form þannig að hann verði öllum
174 aðgengilegur, m.a. á netinu. Það á einnig við um myndir og hljóðrit í opinberri eigu.
 - 175 • Kraftur hefur verið í safnastarfi og uppbyggingu safna í landinu á undanförunum árum
176 og nú hillir loks undir að Náttúruminjasafn Íslands eignist húsnæði við hæfi. En betur
177 má ef duga skal. Söfnin eru ólík en verkefnið hið sama: Varðveisla menningar-, lista-
178 og náttúruarfs þjóðarinnar, miðlun hans og rannsóknir á honum. Efla þarf
179 höfuðsöfnin þrjú, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands
180 og styrkja sérstaklega starfsemi annarra safna, s.s. í menningarhúsum á
181 landsbyggðinni og sérgreindum byggða-, lista- og náttúruminjasöfnum.
 - 182 • Menning, listir og hönnun eru vaxandi stoð í íslensku samfélagi. Tímabært er að
183 endurskoða stjórnarsýslulega stöðu þessara greina, styrkja hana og auka skilvirkni
184 hennar. Meta þarf þá kosti sem tryggt geta þverfaglega nálgun og samstarf ráðuneyta
185 um greinarnar, þ.m.t. að stofna sérstakt ráðuneyti rannsókna, nýsköpunar,
186 menningar og skapandi greina. Í þeirri vinnu þarf að huga að svæðisbundnum
187 áherslum á menningarmál s.s. í sóknaráætlunum landshlutanna og í alþjóðlegu
188 menningarstarfi, auk þeirra þátta skapandi greina og nýsköpunar, sem heyra undir
189 viðkomandi ráðuneyti.

190 Menntun fyrir okkur öll

191 Menntun er eitt mikilvægasta jöfnunartæki samfélagsins og gegnir margþættu hlutverki
192 fyrir hvert og eitt okkar. Öflugt og aðgengilegt menntakerfi, sem stendur öllum til boða á
193 forsendum hvers og eins til að rækta hæfileika sína og færni, er undirstaða þess að við öll
194 getum tekið þátt í lýðræðissamfélagi, þroskast og notið okkar. Til að jafna enn frekar
195 aðstöðumun innan menntakerfisins skal stefnt að því að gera menntun endurgjaldslausa á
196 öllum skólastigum.

197 Menntun á að vera óháð búsetu, efnahag og öðrum þáttum sem kunna að vera fyrirstaða
198 og skulu menntastofnanir aldrei reknar í hagnaðarskyni. Menntun er ævilangt verkefni og
199 því þarf að tryggja fjölbreytta framhaldsfræðslu og aðlaga hana að ólíkum hópum.

200 Þá er menntun forsenda aukinnar þekkingar, nýsköpunar og þróunar og það er
201 samfélagslegt verkefni að byggja upp þróttmikið menntakerfi því það er undirstaða
202 aukinnar verðmætasköpunar í víðum skilningi. Góð menntun eykur lífsgæði einstaklinga og
203 tryggir um leið velsæld og blómlegt atvinnulíf.

204 Góður grunnur

- 205 • Brúa þarf bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla enn frekar enda mikið lífsgæðamál
206 fyrir fjölskyldur. Taka þarf næstu skref í lengingu fæðingarorlofs í a.m.k. tvö ár. Fyrstu
207 tvö árin í lífi barna eru þýðingarmikið þroska og mótunarskeið mikilvægt að börn fái
208 tækifæri til að njóta samvista við foreldra og uppalendur á þessu viðkvæma
209 tengslamyndunarskeiði. Um leið aukast líkur á að börn fái leikskóladvöl strax að loknu
210 fæðingarorlofi foreldra og sveitarfélög geta einbeitt sér að eflingu leikskólastigsins.
- 211 • Tryggja þarf fjármagn til innleiðingar og framkvæmdar laga um farsæld barna sem og
212 innleiðingu aðalnámskráa. Með því bætum við hag barna sem þurfa á sértækri
213 þjónustu að halda og mætum kröfum nemenda um aukna fræðslu í samfélagslegum
214 áskorunum eins og loftslagsvá og starf í tæknivæddu samfélagi.
- 215 • Kennarar og skólastjórnendur þurfa að njóta faglegs frelsis til að móta áherslur að
216 þörfum nemenda hverju sinni. Þá er áriðandi að nemendur fái, með lýðræðislegum
217 hætti, tækifæri til að hafa áhrif á mótun skólastarfsins.
- 218 • Samþætta þarf listnám, íþróttir og félagsstarf frístundastarfi sveitarfélaganna. Börn
219 og ungmenni um allt land eiga í auknum mæli að geta fengið styrki til
220 tólmundastarfs. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir aðlögun ungra innflytjenda. Öll
221 börn eiga að fá aðgengi að listnámi óháð efnahag.
- 222 • Allir nemendur eiga rétt á að læra móðurmál sitt. Það á líka við um börn sem eiga
223 táknmál að móðurmáli, innflytjendur og börn þeirra sem þurfa bæði að njóta kennslu
224 í móðurmáli sínu og íslensku.

225 Nám til framtíðar

- 226 • Í grunnskólum landsins koma öll börn og unglingar á skólaskyldualdri saman óháð
227 ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum eða atgervi. Það á að fagna
228 fjölbreytileika skólasamfélagsins og vinna markvisst að því að brjóta niður
229 staðalmyndir og kveða niður fordóma. Fjölbreytileiki og síbreytilegt samfélag þarf að
230 endurspeglast í námsefni, nálgunum og kennsluaðferðum. Með örum
231 samfélagsbreytingum, tækniframförum og alþjóðavæðingu þarf að efla

- 232 grunnmenntun barna og leggja áherslu á fræðslu sem styrkir sjálfsmynd þeirra.
 233 Tryggja þarf jöfn tækifæri til fjölbreyttrar menntunar óháð búsetu og þar þarf
 234 sérstaklega að huga að aðgengi að iðn- og listnámi. Endurskoða þarf fyrirkomulag
 235 iðnnáms með það að markmiði að fjölga útskrifuðum iðnnemum og taka þannig
 236 markviss skref í átt að aukinni samvinnu framhaldsskóla, vinnustaða, stéttarféлага og
 237 annarra sem koma að skipulagi og framkvæmd starfsnáms.
- 238 • Auka þarf sveigjanleika í námi á framhaldsskólastigi og tryggja að nemendur hafi
 239 svigrúm til að sinna félagslífi, íþróttum og tómstundum samhliða námi.
 - 240 • Tryggja skal fjölbreyttan stuðning í öllum framhaldsskólum með góðu aðgengi að
 241 sérfræðiaðstoð til að sporna gegn brotthvarfi úr námi og stuðla að bættri líðan
 242 námsmanna. Huga þarf sérstaklega að innflytjendum í þessu samhengi.
 - 243 • Tryggja þarf fjölbreytt háskólanám og margvíslegt viðbótarnám framhaldsskóla.
 244 Nemendum skal gefinn kostur á að stunda slíkt nám í fjarnámi um land allt.
 - 245 • Áfram þarf að efla fjármögnun háskólastigsins. Stefna skal að því að halda gjaldtöku í
 246 algjöru lágmarki til að tryggja jafnt aðgengi að háskólanámi. Sérstaklega þarf að
 247 horfa til náms sem eingöngu er aðgengilegt gegn háu gjaldi eins og listnám á
 248 háskólastigi.
 - 249 • Tryggja þarf fjölbreytt háskólanám og margvíslegt viðbótarnám framhaldsskóla.
 250 Nemendum skal gefinn kostur að stunda slíkt nám í fjarnámi um land allt.
 - 251 • Grunnrannsóknir eru undirstaða nýsköpunar og þekkingariðnaðar. Atvinnustefna í
 252 sátt við umhverfið byggist á því að virkja hugvit fremur en náttúruauðlindir og til
 253 þess þarf að fjárfesta í rannsóknum og nýsköpun.
 - 254 • Háskólar þurfa fjárveitingar til að sinna rannsóknum jafnt sem kennslu. Þeim
 255 fjármunum, sem eru utan við rannsóknafjárveitingar háskólanna, skal úthluta úr
 256 samkeppnissjóðum þar sem jafningjamat er notað við mat á rannsóknum. Nýta þarf
 257 ívilnanir til að styðja við þekkingar- og nýsköpunarfyrirtæki.
 - 258 • Endurskoða þarf löggjöf um framhaldsfræðslu með tilliti til samfélagsbreytinga og
 259 þess að sett verði aðalnámskrá um framhaldsfræðslu. Öflug framhaldsfræðsla er
 260 mikilvægt jöfnunartæki sem gerir fólki kleift að sækja sér ný tækifæri, hreyfa sig til á
 261 vinnumarkaði og tileinka sér nýja þekkingu. Styrkja þarf raunfærnimat enn frekar
 262 m.a. með menntun innflytjenda og fólks á flóttu í huga.

263 Menntasjóður námsmanna

- 264 • Námslánakerfið á að auka jöfnuð. Meta þarf árangur af nýjum Menntasjóði þar sem
 265 hluti námslána er nú orðinn styrkur til námsmanna. Þá þarf áfram að huga að því að
 266 tryggja mannsæmandi grunnframfærslu fyrir námsmenn svo jafnrétti til náms verði
 267 tryggt. Hækka þarf frítekjumark til þess að tryggja rétt efnaminni nemenda til
 268 námslána óháð starfshlutfalli síðasta árs.

269 Rammi menntunar

- 270 Starfsaðstæður nemenda, kennara og annars starfsfólks menntastofnana eiga að vera í
 271 fremstu röð og nauðsynlegt að mikilvægi skólastarfsins endurspeglast í launum og öðrum
 272 kjörum.

- 273 • Vinna þarf markvisst áfram að því að útskrifa fólk með kennsluréttindi og bæta
274 aðstæður og kjör kennara svo tryggja megi öflugt skólastarf til framtíðar. Þá þarf að
275 jafna aðgengi kennara að sí- og endurmenntun til að kennsla geti þróast í takt við
276 samfélagslegar breytingar.
- 277 • Skólabókasöfn sinna markvissu hlutverki í grunn- og framhaldsmenntun allra barna
278 og ungmenna. Þau þurfa áfram að vera órjúfanlegur hluti skólastarfsins. Tryggja þarf
279 sérstaklega fjárveitingar skóla til bókakaupa þannig að ávallt sé aðgengi að nýjum
280 bókum fyrir nemendur.
- 281 • Jafna þarf aðgengi skóla að tækjabúnaði og styðja þannig við nám í samfélagi sem er í
282 örri og stöðugri þróun.
- 283 • Endurskoða þarf skimunarpróf og staðlaða mælikvarða til að styðja við
284 einstaklingsmiðað nám og áherslur aðalnámskráa.

Atvinnuveganefnd

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39
40

Landbúnaður

Landbúnaður á Íslandi á að verða kolefnishlutlaus, stundaður í sátt við náttúruna með sjálfbæra nýtingu lands og velferð dýra í forgrunni. Hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla á diskum landsmanna verði hærra en nú er. Búseta í dreifbýli hafi styrkst og fleiri stoðir verði undir landbúnaði en nú eru. Landbúnaður verði órjúfanlegur þáttur í sjálfbæru samfélagi á Íslandi og verðmætasköpun í hinum dreifðu byggðum. Tengsl bænda og neytenda séu góð sem endurspeglar í því að bændur hafi sanngjarna afkomu og neytendur borgi sanngjarnt verð fyrir afurðir þeirra. Til að ná þessari framtíðarsýn þarf að stíga ákveðin skref í átt að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Loftslagsmál og náttúruvernd

- Draga þarf úr losun og auka bindingu svo landbúnaður á Íslandi verði kolefnishlutlaus. Bæta þarf kolefnisbókhalda og beita hagrænum hvötum til þess að hvetja bændur til að taka upp búskaparhætti í þágu loftslagsins. Auka þarf enn frekar fjármuni til þess að mæta þessari áskorun og tímasetja vörður á leiðinni að settu marki.
- Stór hluti losunar gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði kemur frá búfé. Efla þarf rannsóknir og þróun aðferða í búfjárrækt, svo sem við að bæta fóðrun, svo draga megi úr losun frá iðragerjun.
- Orkuskipti þurfa að eiga sér stað í landbúnaði.
- Til að draga úr losun og auka bindingu kolefnis þarf að auka enn frekar hvata til endurheimtar vistkerfa s.s. með endurheimt votlendis, landgræðslu og skógrækt.
- Viðvarandi viðfangsefni er að nýting beitarrands sé með sjálfbærum hætti og uppfæra þarf reglugerðir um gæðastýringu til þess að taka mið af bestu vísindalegri þekkingu í þeim málum. Beita þarf hagrænum hvötum í búvörusamningum til að bæta beitastýringu í úthaga, heimalöndum og afréttum. Brýnt er að koma upp beitarrhólfum og friða land sem ekki er hæft til beitarr.
- Við skipulag lands þarf að huga að því að fjölþætt markmið geti verið með skógrækt, hvort sem þar er um að ræða endurheimt vistkerfa, ræktun kolefnisskógar til bindingar eða skógrækt til iðnaðarnota. Huga þarf að jafnvægi milli þessarar markmiða, samræmi við náttúruverndarsjónarmið og framtíðarásýnd og nýtingu lands. Ágengum og framandi tegundum skal ekki dreift í óspilltri náttúru.
- Gæta verður fyllsta öryggis þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur, örverur, plöntur og dýr, til að fyrirbyggja hvers kyns blöndun eða óæskilega mengun við umhverfi og lífríki Íslands. Brýnt er að lágmarka áhættu fyrir íslenska náttúru og líffræðilega fjölbreytni landsins og til þess þurfa stjórnvöld að móta heildarstefnu um notkun erfðabreyttra lífvera með aðkomu vísindafólks, framleiðenda og annarra hagsmunaaðila. Náttúran skal njóta vafans og tryggja verður að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt. Ræktun erfðabreyttra lífvera skal ekki skaða eða hamla ræktun annarra, s.s. ræktun lífrænna afurða.

- 41 • Landbúnaður sem atvinnugrein má ekki vera á kostnað líffræðilegrar fjölbreytni.
42 Vinna skal að því að endurheimta upprunaleg vistkerfi og sporna gegn því að raska
43 frekar heilbrigðum vistkerfum þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil.
- 44 • Bændur eru vörslumenn lands og því þarf að skapa tækifæri og styrkja möguleika
45 þeirra til að byggja afkomu sína á náttúruvernd, t.a.m. með varðveislu og endurheimt
46 landgæða fyrir komandi kynslóðir og eða umsjón friðaðra svæða.
- 47 • Sóknarfæri eru í hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, m.a. til lífrænnar framleiðslu.
48 Draga þarf úr notkun tilbúins áburðar vegna stórs kolefnissþors og mikilvægt er að
49 auka hlutfall lífræns áburðar með betri nýtingu á auðlindastraumum.

50 Starfsumhverfi landbúnaðarins

51 Stuðningur við landbúnað þarf að miða að því í ríkari mæli að efla innlenda framleiðslu í þágu
52 fæðuöryggis, uppfylla neyslupörf á innanlandsmarkaði og að landbúnaður sé stundaður með
53 sjálfbærum hætti með umhverfis- og loftslagsmál að leiðarljósi.

- 54 • Samfélögum í dreifbýli verður ekki viðhaldið nema nýliðun sé tryggð. Styðja þarf
55 nýliða með skilvirkum hætti. Stuðningur við landbúnað þarf að vera framsækin og
56 grundvallast á því að styrkja fjölskyldubú og að dregið verði úr stuðningi með aukinni
57 stærð búa.
- 58 • Tækifæri eru til aukinnar akuryrkju á Íslandi sem mikilvægt er að nýta með
59 markvissum hætti.
- 60 • Tryggja þarf hagræna hvata til loftslagsvænni búskaparhátta með umbótum á
61 fyrirkomulagi stuðnings í landbúnaði.
- 62 • Tryggja þarf að garðyrkjubændur fái raforku á sambærilegu verði og aðrir
63 stórkaupendur til lýsingar gróðurhúsa. Beina þarf þegar framleiddri orku í aukna
64 grænmetisrækt.
- 65 • Lífræn framleiðsla og afurðir með lítið vistspor ættu að skipa stærri sess hjá
66 neytendum. Til þess má beita opinberri stefnumótun og mælanlegum markmiðum,
67 s.s. í innkaupastefnu ríkis og sveitarfélaga.
- 68 • Greina þarf hvort umhverfisgjöld á innflutt matvæli með stór vistspor geti stuðlað að
69 kolefnishlutleysi og séu raunhæf í framkvæmd. Gæta þarf að hagsmunum
70 framleiðenda og neytenda við gerð viðskiptasamninga þannig að innlendum
71 hagsmunum sé ekki fórnað s.s. með ójafnræði í inn- og útflutningsheimildum.
- 72 • Halda verður áfram þeirri mikilvægu vinnu sem staðið hefur yfir við að reisa skorður
73 við samþjöppun á landi í hendur fárra. Jarðnæði er auðlind og mikilvægt að gætt sé
74 almannahagsmuna við nýtingu þeirrar auðlindar sem og annarra.

75 Ný hugsun – ný tækifæri

- 76 • Til þess að treysta fæðuöryggi þurfa stjórnvöld að setja sér metnaðarfull markmið í að
77 auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla. Með tryggju aðgengi að
78 matvælum úr innlendri framleiðslu getum við stuðlað að heilnæmi matvara og auknu
79 matvælaöryggi, t.a.m. í ljósi sýklalyfjanotkunar.
- 80 • Stórauka þarf hlutfall innlendar framleiðslu á grænmeti, bæði útiræktað grænmeti
81 og ylræktað.

- 82 • Með aukinni tæknivæðingu hefur bændum í hefðbundnum búskap fækkað. Til þess
83 að búseta í dreifbýli dragist ekki enn meira saman með keðjuverkandi áhrifum á
84 byggðafestu þarf að skjóta fleiri stoðum undir landbúnað. Nýsköpun og rannsóknir
85 gegna lykilhlutverki í að styrkja stoðir landbúnaðarins.
- 86 • Mikilvægt er að starfsmennta- og háskólar í landbúnaði séu öflugir og í fararbroddi í
87 rannsóknum á sviði landbúnaðar og umhverfismála, s.s. í þágu loftslagsmála,
88 náttúruverndar, landgæða og nýsköpunar í framleiðslu. Brýnt er að rannsóknir séu
89 stundaðar þar sem kennsla fer fram.
- 90 • Ræktun nýrra tegunda nytjajurta, sér í lagi í grænmetisframleiðslu, ásamt
91 uppbyggingu akuryrkju í sátt við náttúruna getur dregið úr þörf á innfluttum
92 aðföngum, minnkað kolefnisspor og treyst fæðuöryggi.
- 93 • Lífræn ræktun er í sátt við náttúruna og í henni felast sóknarfæri. Móta þarf
94 heildstæða aðgerðaáætlun til að auka lífræna framleiðslu. Beina þarf fjármagni í
95 búvörusamningum í auknum mæli til lífrænna búskaparháttanna með viðbótarstuðningi
96 og auka hlutfall ræktunarlands í vottaðri lífrænni ræktun svo það verði 10% árið
97 2030. Efla þarf rannsóknir, ráðgjöf og fræðslu um lífræna framleiðslu.
- 98 • Skapa þarf skilyrði fyrir nýsköpun í framleiðslu á landbúnaðarvörum og starfrækja
99 minni sláturhús vítt og breitt um landið, t.d. færanleg sláturhús, svo ekki þurfi að
100 flytja dýr um langan veg. Skapa þarf betri skilyrði fyrir sölu afurða beint frá býli þar
101 sem rekjanleiki er alger.

102 **Matvælastefna**

103 **Öll matvælaframleiðsla á Íslandi á að verða kolefnishlutlaus árið 2040 og stuðla að bættri**
104 **lýðheilsu þjóðarinnar. Leiðin að þessum markmiðum er skilvirk innleiðing hugmyndafræði**
105 **hringrásarhagkerfisins en árangursrík innleiðing þess dregur úr losun við framleiðslu og**
106 **neyslu matvæla. Matvælaframleiðsla á Íslandi á að tryggja fæðu- og matvælaöryggi**
107 **landsmanna ásamt því að vera í fremstu röð í framleiðslu úrvals matvæla. Stefnumörkun á**
108 **sviði matvæla á ávallt að vera samræmd annarri stefnumótun stjórnvalda sérstaklega**
109 **m.t.t. loftslagsmála og verndar líffræðilegrar fjölbreytni.**

110 **Stjórnvöld eiga að styðja markvisst matvælaframleiðendur sem hafa góð áhrif á umhverfið**
111 **og lýðheilsu með framleiðslu sinni og upplýsa neytendur um mikilvægi þess að velja hollan**
112 **og umhverfisvænan mat. Þannig má bæta afkomu framleiðenda samhliða því að ná**
113 **markmiðum í lýðheilsu- og loftslagsmálum og tryggja matvælaöryggi til framtíðar.**

114 Sjávarútvegur og landbúnaður standa undir öflugri matvælaframleiðslu á Íslandi. Verkefni
115 næstu áratuga er að treysta fæðuöryggi á Íslandi en jafnframt stuðla að því að
116 matvælaframleiðsla verði kolefnishlutlaus líkt og stefnt er að í samfélaginu öllu. Stærsta
117 framlag Íslands til fæðuöryggis í heiminum er sjálfbær nýting auðlinda hafsins og íslenskrar
118 náttúru, hvort sem um er að ræða fiskveiðar, landbúnað eða fiskeldi. Til grundvallar þarf að
119 vera hringrás næringarefna og heilnæmi matvæla.

- 120 • Auka þarf framleiðslu grænmetis innanlands. Til þess að það megi verða þarf að jafna
121 dreifingarkostnað raforku og þannig lækka rafmagnskostnað hjá framleiðendum í
122 dreifbýli.
- 123 • Finna þarf fjölbreyttari prótíngjafa sem hægt er að rækta á Íslandi með því að styðja
124 við öflugt rannsóknarstarf til að mynda á nytjaplöntum og stórpörungum. Á
125 norðurslóðum verður búfé alltaf óaðskiljanlegur hluti af sjálfbæru hringrásarhagkerfi.
- 126 • Draga verður úr matarsóun með réttum hvötum á öllum stigum framleiðslu og neyslu
127 m.a. með fræðslu og upplýsingum til neytenda. Sérstaklega þarf að huga að því að
128 auka árstíðarbundna neyslu innlendra matvæla og snúa frá neysluhyggju sem leiðir til
129 flutnings á matvælum heimshorna á milli. Mikilvægt er að draga úr brottkasti og sóun
130 hvers konar.
- 131 • Matvælaframleiðsla á að byggja á fullnýtingu afurða þannig að virðisaukning þeirra
132 verði sem mest og umhverfisáhrif af framleiðslunni sem minnst.
- 133 • Með því að framleiða áburð úr lífrænum úrgangi mætti gera stærstan hluta
134 innlendra landbúnaðarframleiðslu sjálfbæran. Jafnframt þarf að draga úr losun
135 gróðurhúsalofttegunda við flutning matvæla.

136 **Hollur matur er heilbrigðismál**

137 Mataræði er einn af megináhrifaþáttum hinna ýmsu lífsstílsjúkdóma. Mikilvægt er að
138 auðvelda almenningi að velja hollari valkost í verslunum, mötuneytum og á veitingahúsum.

- 139 • Innihaldslýsingar og kolefnisspor matvæla þurfa að vera skýrar á umbúðum.
140 Mikilvægt er að stórauка rannsóknir á kolefnisspori innlendra matvæla.

- 141 • Móta þarf reglur um hvernig takmarka má markaðssetningu óhollra matvæla,
142 sérstaklega gagnvart börnum. Hvetja þarf til neyslu á hollum matvælum á kostnað
143 óhollari matvæla. Draga þarf úr neyslu kjöts sem framleitt er með ósjálfbærum hætti.
144 • Stórauka þarf innlendar rannsóknir á næringargildi matvæla og eftirlit með heilbrigði
145 þeirra. Til að hvetja til heilbrigðari neysluháttu gætu stjórnvöld lækkað verð á hollum
146 og umhverfisvænum mat á borð við grænmeti og hækkað verð á óhollum mat og
147 matvælum með stórt kolefnisspor.
148 • Brýnt er að sveitarfélög setji sér matvælastefnu sem styður við framleiðendur í
149 héraði.

150 Nýsköpun í hringrásarhagkerfinu

151 Hringrásarhagkerfið er forsenda fyrir sjálfbærri þróun á komandi áratugum. Öflugir sjóðir
152 þurfa að vera til staðar fyrir bæði vísindamenn og frumkvöðla. Leggja þarf sérstaka áherslu á
153 það að aðstoð við frumkvöðla sé í boði um land allt. Nýsköpun í framleiðslu, úrvinnslu og
154 tækni mun efla verðmætasköpun hringinn í kringum landið og búa til græn störf
155 framtíðarinnar. Með fjölbreyttari atvinnuháttum verða til öflugri samfélög sem aftur leiða af
156 sér frekari suðupott hugmynda og nýsköpunar.

- 157 • Stórauka þarf framleiðslu á lífrænum matvælum á Íslandi enda er lífræn ræktun í sátt
158 við náttúruna og nýtir auðlindir vel. Eitt af meginmarkmiðum lífræns búskapar er að
159 vernda og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni.
160 • Innleiða þarf hugmyndafræði lífræns landbúnaðar um að loka hringrásum
161 næringarefna með heildrænum hætti í allri matvælaframleiðslu þannig að
162 næringarefni verði endurnýtt eins og kostur er á öllum stigum framleiðslu, flutninga
163 og neyslu.
164 • Stefna ber að því að endurnýta næringarefni enda má með því móti stíga stórt skref í
165 átt að því að gera innlenda matvælaframleiðslu lífræna í sem mestum mæli.
166 • Fullvinnsla afurða og næringarefna í matvælaframleiðslu er kjarninn í
167 hringrásarhagkerfinu. Það sem ekki sem nýtist til mann- eða dýraeldis getur nýst sem
168 lífrænn áburður. Regluverk þarf að tryggja fullnýtingu allra næringarefna.

169 Matvælaöryggi

- 170 • Matvæli eiga að vera örugg og aðgengileg öllum. Neytendur eiga að geta treyst því að
171 matvæli sem þeir kaupa séu örugg og næringarrík. Framleiðsla og viðskipti með þau
172 eiga að fara fram með sanngjörnum hætti (e. Fairtrade) og hafa góðan aðbúnað
173 verkafólks og bænda og dýravelferð að leiðarljósi.
174 • Upprunamerkingar matvæla eiga að vera öruggar og rekjanlegar og endurskoða þarf
175 reglur um þær.
176 • Leggja þarf meiri áherslu á fræðslu um heilnæmi matvæla svo að mataræði og
177 lýðheilsa þróist í farsæla átt.
178 • Gæta þarf að því að allir í samfélaginu hafi vöð á því að fá næringarríkan mat, óháð
179 tekjum. Sérstaklega þarf að gæta að því að matur í skólum, öldrunarþjónustu og
180 öðrum stofnunum taki mið af ráðleggingum embættis landlæknis og neysla hans
181 stuðli að minna kolefnisspori.

- 182
- 183
- Viðhalda þarf sterkri stöðu Íslands við að lágmarka áhættuna sem felst í sýklalyfjaónæmum bakteríum í matvælum á grundvelli hugmyndafræði *Einnar heilsu*.

DRÖG TIL UMRÆÐU Á LANDSFUNDI

Efnahags- og fjármálanefnd

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39

Efnahagsmál

Heilbriggt efnahagslíf og fjármálakerfi er grunnurinn að öflugu velferðarkerfi og samtvinnnað skýrri sýn um sjálfbæran vöxt og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Farsælasta undirstaða þróttmikils efnahagslífs er blandað hagkerfi þar sem hinir **efnamestu eru skattlagðir umfram hina tekjulægri** en sú stefna hefur skilað mestri hagsæld og mestum jöfnuði.

Þó að tekjujöfnuður á mælikvarða launatekna sé meiri á Íslandi en víðast hvar annars staðar er eignastaðan mjög ójöfn. Ríkustu tíu prósentin eiga um þrjá fjórðu allra eigna en eignaminnstu þrjátíu prósentin eiga nánast ekkert eða minna en ekkert. Endurdreifing fjármagns, með því að draga úr tekjumun og styrkja stöðu hinna tekjulægstu, skilar sér hratt og örugglega út í samfélagið og eykur hagsæld.

Eins þarf að nást sátt um nýja mælikvarða, velsældarmælikvarða sem meta hagsæld, félagslegan auð, kynjasjónarmið og loftslagsmarkmið en ekki eingöngu hagvöxt. Slíkir mælikvarðar gera það kleift að byggja efnahagsstjórn á fjölbreyttari sjónarmiðum en áður hefur verið gert og leggja grunn að skilvirku, réttlátu og grænu skattkerfi sem stuðlar að jöfnuði. Stjórnvöld eiga að auka verðmæta- og nýsköpun á öllum sviðum til að skjóta fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf og tryggja að íslenskt samfélag og atvinnulíf sé sem best í stakk búið til að takast á við áskoranir tæknivæðingar, loftslagsbreytinga og annarra fyrirsjáanlegra samfélagsbreytinga.

Skattkerfið þarf sífellt að vera til skoðunar og í víðtæku samráði stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins og fjölbreytt heildarsamtök. Skoða þarf sérstaklega breytingar vegna aukinnar sjálfvirkni og tæknivæðingar sem á eftir að hafa róttæk áhrif á íslenskan vinnumarkað og greina til hvaða aðgerða þarf að grípa til að tryggja mannsæmandi kjör launafólks. Þá á að uppræta skattaskjól og aflandsfélög enda eru þau til þess fallin að koma hagnaði undan eðlilegri skattlagningu sem síðan bitnar á jöfnuði og velferð samfélagsins alls.

Ríkisfjármál og skattar

Ríkisfjármál eru í raun reikningshald samneyslu og samhjálp. Þau verða að samræmast markmiðum samfélagsins og því er það pólitísk ákvörðun hver útgjöldin eiga að vera og hverjar tekjurnar. Skattkerfið byggist því á félagslegum og efnahagslegum markmiðum. Skattkerfið er langáhrifamesta tæki samfélagsins til að auka jöfnuð og sanngirni í samfélaginu. Jöfnuður er í sjálfu sér ekki aðeins réttlætismál heldur líka mikilvægt hagstjórnarmarkmið. Um það vitnar fjöldi alþjóðlegra rannsókna og skýrslna sem allar sýna að aukinn ójöfnuður dregur úr hagvexti og veldur óánægju og óstöðugleika.

- Efnahagsstefnan á að draga úr ójöfnuði sem leiðir til réttlátara og auðgra þjóðfélags. Styrkja þarf enn betur kynjaða hagstjórn og kynjaða fjárlagagerð. Skattar og virk hagstjórnartæki eiga að tryggja öflugt velferðarsamfélag og stuðla að jöfnuði.
- Aðgerðir í skattamálum eiga að þjóna markmiðum um öflugt velferðarsamfélag, aukinn jöfnuð og önnur samfélagsleg markmið, svo sem í **umhverfismálum, lýðheilsu**

- 40 og byggðamálum. Horfa ber til sérstakra skatta í þessu samhengi og lækkunar
 41 virðisaukaskatts á matvæli.
- 42 • Persónuafsláttur á að nýtast lág og millitekjuhópum sem best og fylgja þróun
 43 verðlags. Tryggja þarf að tekjulægstu hóparnir, sem eru undir markmiðum um
 44 grunnframfærslu, séu undir skattleysismörkum.
 - 45 • Innleiða skal hóflegan auðlegðarskatt á eignir einstaklinga, að undanskildu
 46 íbúðarhúsnæði, og einnig þrepaskiptan fjármagnstekjuskatt. Halda skal tekjuskatti
 47 eðlilega þrepaskiptum eins og nú er og ofurtekjur ætti að skattleggja meira en lægri
 48 tekjur og venjulegar launatekjur. Tryggja þarf aukið jafnræði með því að loka leiðum
 49 til að fela tekjur og einkaneyslu í einkahlutafélögum.
 - 50 • Grænar skattaívilnanir geta nýst til að ná markmiðum í umhverfismálum.
 51 Nýfjárfestingar eiga að uppfylla loftslagsmarkmið og ekki skulu gerðir frekari ívilnandi
 52 fjárfestingasamningar um mengandi starfsemi. Skattaívilnunum ætti einnig að beita
 53 til að flýta fyrir orkuskiptum í samgöngum sem og til matvælaframleiðslu sem
 54 uppfyllir loftslags- og sjálfbærnimarkmið.
 - 55 • Innheimta á gjald af nýtingu auðlinda og skal það renna í sameiginlega sjóði
 56 samfélagsins og endurspeгла að auðlindirnar eru eign þjóðarinnar. Auðlindagjald er
 57 greiðsla til að nýta takmörkuð gæði til afmarkaðs tíma. Lykilatriði er að auðlindagjöld
 58 séu arðgreiðslur en ekki skattar.
 - 59 • Fjármagnstekjuskattur eða einskona ígildi útsvars á að renna til sveitarfélaga sem fá
 60 ekki tekjur af þeim sem eingöngu greiða fjármagnstekjuskatt. Gjaldendur
 61 fjármagnstekjuskatts dreifast misjafnlega á sveitarfélögin en jafna mætti dreifingu
 62 þeirra tekna milli sveitarfélaganna t.d. í gegnum Jöfnunarsjóð sveitafélaga.
 - 63 • Stórefla þarf skattaeftirlit og skattrannsóknir til að stemma stigu við
 64 skattaundanskotum einstaklinga og fyrirtækja á kostnað velferðarsamfélagsins.
 65 Nýtingu aflandsfélaga í skattaskjólum á að banna eða takmarka sem kostur er. Ísland
 66 á að leggja sitt lóð á vogarskálar í alþjóðlegri viðleitni til að koma böndum á
 67 fjölþjóðafyrirtæki og auðhringa sem koma sér undan eðlilegum skattgreiðslum með
 68 klækjabrögðum.
 - 69 • Ísland á að vera virkur þátttakandi alþjóðlegu samstarfi í skattamálum um
 70 upplýsingaskipti og aukið gagnsæi. Vextir, þóknarir og þjónustugreiðslur til aðila á
 71 lágskattasvæðum verði skattlögð sérstaklega og þannig markvisst unnið gegn
 72 aflandsfélögum í skattaskjólum.

73 Lög um opinber fjármál

74 Lög um opinber fjármál, fjármálareglur og fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga þarf að
 75 endurskoða í ljósi reynslunnar eftir heimsfaraldur kórónuveiru. Reglurnar settu skynsamlegri
 76 hagstjórn og beitingu opinberra fjármála til sveiflujöfnunar á erfiðleikatímum of þröngar
 77 skorður eins og kom í ljós þegar þjóðin var að glíma við efnahagslegar afleiðingar
 78 heimsfaraldursins.

- 79 • Lög um opinber fjármál og fjármálareglur þurfa áfram að tryggja vandaða
 80 áætlanagerð og sjálfbærni, en mikilvægt er að læra af reynslu síðustu ára. Of hröð

- 81 niðurgreiðsla skulda eftir að efnahagsáföll eru um garð gengin getur beinlínis skaðað
 82 mikilvæga samfélagsinnviði svo sem heilbrigðis- og menntakerfið.
- 83 • Fjármálareglur mega ekki binda hendur stjórnvalda um of og takmarka möguleika
 84 þeirra til hagstjórnar, hvort sem er á þenslu- eða samdráttartímum. Hefja þarf
 85 vandaða vinnu við endurskoðun þessa regluverks sem taki einnig til þess hvernig
 86 nýjar og raunhæfari reglur taki gildi á nýjan leik.
 - 87 • Lagður hefur verið grunnur að heilbrigðara og sterkara innlendu fjármálakerfi frá
 88 Hruni. Má í því sambandi nefna umfangsmiklar lagabreytingar og margvíslegar
 89 ráðstafanir um bankastarfsemi og viðskiptavenjur fjármálafyrirtækja. Brýnt er að slá
 90 hvergi slöku við í að tryggja að svo megi áfram vera.
 - 91 • Ríkið á áfram að vera eigandi Landsbankans. Gera þarf nauðsynlegar lagabreytingar til
 92 að skapa umgjörð um starfsemi samfélagsbanka sem starfa samkvæmt umhverfis- og
 93 samfélagssjónarmiðum.
 - 94 • Greina þarf umfang svokallaðrar skuggabankastarfsemi í íslensku efnahagslífi og
 95 hættur sem þar kunna að geta byggst upp. Skoða þarf lánveitingar lífeyrissjóða og
 96 ýmiskonar fjártæknifyrirtækja, bæði frá sjónarhóli neytendaverndar og kerfisáhættu.
 - 97 • Húsnæði eru grundvallarmannréttindi og eðlilegt að áfram verði til félagslegur
 98 húsnæðislánasjóður sem tryggi meðal annars lán til kaupa á húsnæði um land allt.
 99 Fara þarf heildstætt yfir húsnæðisstuðningskerfi hins opinbera og meta hvert eigi að
 100 stefna til framtíðar þannig að húsnæðisstuðningur hins opinbera verði eflur og nýtist
 101 fyrst og fremst lág- og meðaltekjuhópum.
 - 102 • Draga þarf áfram úr vægi verðtryggingar með auknu framboði á óverðtryggðum
 103 lánnum en einnig með því að fjölga þeim tækjum sem eru fyrir hendi til að fylgja eftir
 104 peningastefnu stjórnvalda og lækka þannig vaxtakostnað almennings.

105 Samspil efnahagsstjórnar og vinnumarkaðar

106 Mikilvægt er að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði. Sá stöðugleiki má ekki snúast um að
 107 halda láglaunahópum niðri og grafa undan velferðarkerfinu. Sátt á vinnumarkaði byggist á
 108 sátt um velferðarkerfið. Þjóðhagsráð er mikilvægur vettvangur til að fjalla um félagslegan og
 109 efnahagslegan stöðugleika og þar þarf verkalýðshreyfingin að hafa sterka rödd.

- 110 • Skoða þarf kosti þess að komið verði á laggirnar sjálfstæðri Þjóðhagsstofnun og unnar
 111 séu langtíma þjóðhagsáætlanir til þess að forðast kollsteypur í íslensku efnahagslífi.
- 112 • Efla þarf bæði skattaeftirlit og vinnueftirlit með markvissum aðgerðum til að unnt
 113 verði að skapa almenna sátt um eðlilega launapróun í landinu. Þannig verði spornað
 114 gegn launastuldi og markvisst barist gegn mansali og þrælahaldi sem er svartur
 115 blettur á íslenskum vinnumarkaði.
- 116 • Skoða þarf hvort unnt sé að skylda vinnuveitendur til að upplýsa um launabil innan
 117 fyrirtækja í ársreikningum og efna til víðtæks samtals um hvað sé ásættanlegur
 118 launamunur í samfélaginu, svo sem hvort hann eigi að vera þrefaldur eða fjórfaldur.
- 119 • Stefnt skal að því að minnka launabilið og útrýma launamun kynjanna. Slíkar aðgerðir,
 120 ásamt skýrri framtíðarsýn um skattkerfið og velferðarsamfélagið, eru grundvöllur
 121 þess að unnt verði að ná og viðhalda stöðugleika á vinnumarkaði.

122 **Gjaldmiðilsmál**

123 Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur ríka áherslu á samstarf við önnur Evrópulönd en
124 telur hagsmunum Íslands betur borgið utan Evrópusambandsins en innan. Hins vegar er
125 hreyfingin reiðubúin að leggja það mál í hendur þjóðarinnar enda er um afdrifaríka ákvörðun
126 að ræða sem eðlilegt er að allur almenningur hafi skoðun á.

- 127 • Leggja þarf mat á þá raunhæfu valkosti sem eru taldir þjóðast í gjaldmiðilsmálum.
128 Annars vegar áframhaldandi sjálfstæð peningastefna með íslenskri krónu og hins
129 vegar innganga í Evrópusambandið og aðild að Myntbandalagi Evrópu, með upptöku
130 evru og þátttöku í samevrópskri peningastefnu.
- 131 • Ljóst er að Ísland mun nýta sér krónuna sem gjaldmiðil næstu árin og því þarf að
132 tryggja að peningastefnan fari saman við ríkisfjármálastefnu og taki mið af
133 efnahagslegum og félagslegum stöðugleika.

134 *Skýringar í **sprettgluggum***

135 **Sérstakt hátekjuþrep í tekjuskatti**

136 Til að taka á svokölluðum ofurtekjum, til dæmis í kaupaukum, ætti að setja á sérstakt
137 hátekjuþrep í tekjuskattskerfinu sem tekur á mjög háum tekjum en kemur við tiltölulega fáa
138 aðila.

139 **Umhverfiskattar**

140 Kolefnisgjald er ein áhrifamesta skattlagningin til að draga úr notkun óendurnýjanlegra
141 orkugjafa. Kolefnisgjald og skattar ájarðefnaeldsneyti eru almennt lægri hér á landi en hjá
142 öðrum Norðurlöndum. Með því að hækka gjöldin og afnema undanþágur frá kolefnisgjaldi
143 væri hægt að draga úr losun mengunar og gróðurhúsalofttegunda og tekjur myndu renna í
144 ríkissjóð.

145 **Lýðheilsuskattar**

146 Skattar á óholla mat- og drykkjarvöru eru áhrifarík leiði til að bæta heilsu fólks. Vöruflokka
147 sem innihalda sykraða mat- og drykkjarvöru á að skattleggja, t.d. með því að færa þá í herra
148 þrep virðisaukaskatts.

149 **Komugjöld og gistináttaskattur**

150 Setja á komugjöld á farþega og breyta gistináttaskatti þannig að hann sé í hlutfalli við verð
151 gistinátta. Ennfremur á gistináttaskattur eða hluti hans að renna til sveitarfélaga, eftir
152 atvikum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

153 **Lækkun virðisaukaskatts á matvæli**

154 Virðisaukaskattur leggst hlutfallslega þyngra á tekjulága en tekjuháa. Beita ætti
155 virðisaukaskattkerfinu til að jafna kjör eða til að ná fram öðrum samfélagslegum markmiðum.
156 Með því að lækka virðisaukaskatt á nauðsynlegar neysluvörur og menningu mun það gagnast
157 barna- og fjölskyldufólki og tekjulægri hópum.

158 **Auðlegðarskattur**

159 Auðlegðarskattur er nauðsynlegur hluti af tekjuskattkerfinu til að draga úr ójafnri skiptingu
160 auðs. Eðlilegt er að húsnæði fjölskyldna í neðri skattþrepum séu undanþegnar en
161 stóreignafólk borgi sanngjarnan hlut sinn til samfélagsins.

162 **Þrepaskiptur fjármagnstekjuskattur**

163 Fjármagnstekjuskattur leggst á skuldabréfaeign, tekjur af vöxtum, leigu á húsnæði og hagnað
164 af sölu fasteigna og verðbréfa. Annaðhvort ætti að hafa fjármagnstekjuskatt þrepaskiptan
165 eða þá hækka frítekjumarkið/skattleysismörk á fjármagnstekjur og skattleggja síðan miklar
166 tekjur í takt við almennar launatekjur.

DRÖG TIL UMRÆÐU Á LANDSFUNDI

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39

Lýðræðislegt samfélag

Öll eiga að hafa tækifæri til að móta samfélag sitt óháð fjárráðum, heilsu, menntun eða stöðu að öðru leyti. Svigrúm til þátttöku í lýðræðislegum verkefnum ásamt aðgengi að traustum og gagnreyndum upplýsingum, staðreyndum og samhengi þeirra, er hverri manneskju mikilvægt. Sérstaklega þarf að huga að valdeflingu minnihluta- og jaðarhópa. Það á að standa vörð um almannahagsmuni gegn sérhagsmunum og vinna gegn spillingu. Ljúka þarf heildstæðri endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Kjölfesta Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs er þátttaka almennra félaga hennar um land allt, í starfi, stefnumótun og ákvörðunum. Starfið einkennist af opnum samræðum í raunheimum og netheimum þar sem félagar koma saman, móta hugmyndir, leysa úr álitamálum og koma stefnu hreyfingarinnar á framfæri og í framkvæmd. Ávallt skal leitast við að ná samhljóða niðurstöðu í ákvarðanatöku og taka skal sérstakt mið af hagsmunum jaðar- og minnihlutahópa með valdeflingu þeirra að markmiði. Fulltrúar hreyfingarinnar framfylgja stefnu hennar og ákvörðunum og haga störfum sínum í samræmi við þær.

Stjórnkerfi og fjölmiðlar

- Aðgangur að traustum upplýsingum er forsenda upplýstrar umræðu. Mikilvægt er að efla miðla- og upplýsingalæsi, sporna gegn upplýsingaóreiðu og tryggja að miðlað sé á aðgengilegan hátt til allra samfélagshópa.
- Gagnsæi, opin stjórnsýsla og faglegar ráðningar skulu ávallt viðhöfð hjá stjórnvöldum.
- Tryggja skal opinber og fyrirsjáanleg framlög til stjórnmalahreyfinga.
- Lögbinda skal hámarks hlutfall framlaga lögaðila af heildarframlögum til stjórnmalaflokka.
- Fjölga þarf tækifærum almennings til þess að taka ákvarðanir í þágu samfélagsins alls og skapa vettvang fyrir rökræður, samráð og sameiginlega ákvarðanatöku, meðal annars með aðferðafræði slembivals.
- Almennur á að geta lagt fram tillögur til Alþingis og sveitarstjórna sem taka skal til umfjöllunar. Miða má við að 2% kosningabærra geti sett mál á dagskrá.
- Tryggja skal lýðræðislega þátttöku nemenda í skólastarfi þar sem þau læra lýðræðisleg vinnubrögð og eru upplýst um réttindi sín og skyldur.
- Kosningaaldurinn skal lækkaður í 16 ár.
- Framfylgja þarf betur ákvæðum upplýsingalaga og auka aðgang fólks með aðgengilegum hætti að upplýsingum sem varða almannahagsmuni.
- Verja skal sjálfstæði fjölmiðla og ritstjórnarlegt frelsi. Styðja skal fjölmiðla sem sinna óháðri fréttaoöflun, greinandi blaðamennsku og halda úti lýðræðislegri samfélagsumræðu.
- Uppljóstrarar eiga að hafa leiðir til að koma upplýsingum til réttra aðila án þess að óttast um sinn hag.

- 40 • Ríkisútvarpið skal áfram vera öflugur fjölmiðill í almannabágu, rekinn fyrir
41 útvarpsgjald og sjálfsaflafé.

42 Umbætur á stjórnarskrá

- 43 • Ljúka skal heildstæðri endurskoðun stjórnarskrárinnar og breytingar á henni skulu
44 tryggja lýðræði og mannréttindi á tímum mikilla samfélagsbreytinga.
- 45 • Mannréttindakafli stjórnarskrárinnar skal endurskoðaður með sérstöku tilliti til
46 loftslagsvárinnar og hraðra tæknibreytinga, þ.m.t. notkun gervigreindar.
- 47 • Umhverfis- og náttúruvernd á að vera hluti af stjórnarskránni og tryggja skal rétt fólks
48 til þeirra mikilvægu mannréttinda sem heilnæmt umhverfi er.
- 49 • Réttur fólks til frjálsrar farar um landið skal vera virtur enda hefur almannarétturinn
50 verið í íslenskri löggjöf allt frá Jónsbók.
- 51 • Ákvæði um auðlindir í þjóðareign er grundvallaratriði við endurskoðun
52 stjórnarskrárinnar.
- 53 • Endurskoða á kjördæmaskipan og vægi atkvæða.

54 Vinnumarkaður og tækniþróun

- 55 • Styðja þarf framgang lýðræðislegra fyrirtækja og styrkja atvinnulýðræði með löggjöf.
56 • Greiða þarf götu fyrirtækja og félaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Hægt væri
57 að efla samvinnufélagaformið í þessu tilliti.
- 58 • Hið opinbera á að geta rekið stofnanir og félög á samfélagslegum forsendum, einnig á
59 samkeppnismarkaði.
- 60 • Upplýsingar um raunverulega eigendur, krosseignatengsl og ársreikninga skulu vera
61 aðgengilegar almenningi.
- 62 • Starfsfólk á að geta átt hlutdeild í stjórnnum fyrirtækja og hafa ráðgjafarétt auk
63 upplýsingaréttar um fjárhagslega stöðu og framtíðaráform.
- 64 • Starfsfólk sem starfar hjá fyrirtækjum á að fá til sín tiltekið hlutfall ágóða eða
65 arðgreiðslna úr þeim.
- 66 • Launafólk á að njóta virðisauka sem fæst með notkun gervigreindar og
67 sjálfvirknilausna, til að mynda með styttri vinnutíma, hærri launum, auknu
68 starfsöryggi, bættu vinnuumhverfi og betri kjörum.
- 69 • Tryggja þarf að gervigreind sé notuð á þann hátt að hún ýti ekki undir eða viðhaldi
70 mismunun, að höfundar- og sæmdarréttur sé virtur í hvívetna við notkun hennar og
71 að komið verði í veg fyrir að hún sé notuð í stafrænu kynferðisofbeldi, til valdníðslu
72 eða til að ýta undir hatursorðræðu.

Umhverfis- og samgöngunefnd

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39
40

Orkumál

Orkunýting á Íslandi á að byggja á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, þar sem orka landsins er nýtt til að byggja upp grænt og kolefnishlutlaust samfélag. Náttúran skal ávallt njóta vafans við orkuöflun og flutning. Orka telst til grunnþarfa í nútíma samfélagi rétt eins og hreint vatn, húshitun og fjarskipti. Flutningskerfi hennar á að vera hluti af sameiginlegum innviðum sem almenningur getur treyst á. Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á sjálfbæra forgangsröðun þegar framleiddrar orku. Greiða þarf tilhlýðilegt afgangjald þegar auðlindir í eigu þjóðarinnar eru nýttar. Orkuöflun þarf að lúta lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Orku til allra landsmanna

- Allir landsmenn eiga að búa við gott aðgengi að raforku, fullnægjandi afhendingaröryggi og jafnan dreifingarkostnað. Samræma þarf í lögum og reglugerðum skilgreiningar á afhendingaröryggi og setja þarf lagaákvæði um ábyrgð orkufyrirtækja til að uppfylla orkuþörf fólksins í landinu.
- Krafa skal gerð til stórnotenda að greitt sé tilhlýðilegt verð fyrir orkuna sem og allan kostnað við flutning og afhendingu hennar. Eigendastefna Landsvirkjunar, sem og annarra orkufyrirtækja í opinberri eigu, þarf að taka mið af þessu.
- Styrkja þarf flutningskerfi raforku til að tryggja afhendingaröryggi og jafnt aðgengi til orkuskipta um allt land.
- Við verðlagningu raforku þarf að tryggja neytendavernd orkuverðs gagnvart heimilum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Slík verðlagning á ekki að taka mið af hagnaðarkröfu opinberra orkufyrirtækja og annarra orkuframleiðenda.
- Leggja verður sérstaka áherslu á að lækka raforkukostnað innlendrar matvælaframleiðslu svo sem garðyrkju til að auka sjálfbærni og matvælaöryggi þjóðarinnar.
- Íslensk stjórnvöld og fyrirtæki í opinberri eigu skulu ekki stunda sölu upprunaábyrgða til ESB utan landsteinana. Þá þurfa þau að leggja áherslu á raunverulegt gagnsæi í kolefnisbókhaldi.
- Ekki skal greiða götu erlendra fyrirtækja að orkuauðlindum Íslands.

Orkuöflun í sátt við samfélag og náttúru

- Umhverfisrannsóknir og náttúruverndarsjónarmið eiga að vera grundvöllur fyrir ákvörðunum um uppbyggingu orkumannvirkja. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi þegar kemur að orkuöflun og gæta verður varúðar- og verndarsjónarmiða við hana.
- Taka ber viðmið um svokallaðar smávirkanir til gagn Gerrar endurskoðunar og breyta með þeim hætti að allar virkanir sem selja orku inn á almenna raforkukerfið skulu sæta meðferð rammaáætlunar.
- Horfa skal til mikilvægis óbyggðra víðerna og ásýndar lands við ákvarðanir um uppbyggingu orkumannvirkja. Byggja þarf þær ákvarðanir á kortum og upplýsingum

41 opinberra aðila um viðmið og forsendur verndar óbyggðra víðerna. Á svæðum þar
 42 sem ríkir náttúruverndarhagsmunir eru undir ber að friða svæðið fyrir orkuvinnslu og
 43 línulögnum.

- 44 ● Stórvirkjanir í þágu mengandi stóriðju samrýmast ekki sjálfbærri orkustefnu. Herða
 45 þarf kröfur á stóriðjuver hélendis um að taka meiri ábyrgð og draga verulega úr
 46 orkunotkun og mengun á öllum sviðum.
- 47 ● Vinna skal gegn öllum hugmyndum um sæstreng til annarra landa en slíkur strengur
 48 og útflutningur á rafeldsneyti kallar á fleiri virkjanir og raskar þannig verðmætum
 49 víðernum, náttúruminum og ógnar líffræðilegri fjölbreytni. Það er forgangsmál að
 50 framleiðsla á raforku sé til uppbyggingar á grænu og kolefnishlutlausu samfélagi
 51 innan lands í þágu orkuskipta. Útflutningur á raforku mun gera grænni starfsemi á
 52 Íslandi erfitt að afla sér orku á samkeppnishæfu verði.
- 53 ● Eigi nýjar virkjanir að ná markmiðum Íslands um full orkuskipti fyrir árið 2040 verður
 54 að ríkja sátt um það hvernig og hvar orkunnar er aflað. Mestu skiptir að það verði
 55 gert af varfærni gagnvart viðkvæmri náttúru landsins og í sátt við samfélagið. Kalla
 56 þarf eftir afstöðu almennings og félagasamtaka m.t.t. náttúru- og
 57 umhverfisverndarsjónarmiða vegna þessa.
- 58 ● Áhersla skal vera á betri orkunýtingu og minna orkutap í kerfum, bæta þarf nýtingu í
 59 virkjunum sem fyrir eru og horfa til nýrrar tækni og aðferða við orkuöflun.
- 60 ● Leita þarf sjálfbærari leiða við nýtingu vatnsafls, efla rannsóknir á nýjum orkulindum
 61 og fylgjast með þróun og framleiðslu vetnis, metans og lífeldsneytis sem mögulegs
 62 orkugjafa til framtíðar.
- 63 ● Gera skal þá ófrávíkjanlegu kröfu við áætlanagerð, skipulagningu og uppbyggingu
 64 orkumannvirkja að sveitarfélög og framkvæmdaaðilar sýni samfélagslega ábyrgð.
 65 Brýnt er að framkvæmdir skapi ekki sundrunu og togstreitu meðal heimamanna.
- 66 ● Rafmyntargróftur og önnur orkufrek starfsemi sem ekki nýtist til uppbyggingar græns
 67 og sjálfbærs samfélags er orkusóun sem fasa þarf út í áföngum fyrir árið 2030.

68 Orkuskipti

- 69 ● Tryggja þarf forsendur hraðra orkuskipta á landinu með nauðsynlegu fjármagni,
 70 skipulagningu og vísindarannsóknum.
- 71 ● Forgangsraða þarf orkunýtingu í þágu innlendra orkuskipta og flýta þarf útfösun á
 72 jarðefnaeldsneyti svo Ísland verði óháð því eigi síðar en 2040.
- 73 ● Binda skal framleiðslu á rafeldsneyti við innanlandsmarkað til að tryggja innlend
 74 orkuskipti.
- 75 ● Áhersla skal vera á að öll samgöngutæki í almannaeigu gangi fyrir endurnýjanlegum
 76 orkugjöfum. Fækka þarf verulega einkabílnum sem ekki eru knúnir rafmagni, vetni
 77 og/eða metani.
- 78 ● Taka verður upp hvatakerfi með það í huga að vinnuvélar og stórir bílar geti skipt yfir í
 79 hreinni orkugjafa og flýta þarf sérstaklega rafvæðingu hafna með sérstakri gjaldtöku á
 80 skemmtiferðaskip til að mæta þeim kostnaði. Þá verður að flýta orkuskiptum í flugi.
 81 Æskilegt er að setja innanlandsflugi raunhæf tímamörk í orkuskiptum.

82 Vindorka

- 83 ● Marka þarf stefnu hið fyrsta um nýtingu vindorku á landi og hafi í íslenskri lögsögu og
84 setja þarf skýrar reglur um innheimtu auðlindagjalds af vindorkuvirkjunum sem renna
85 á til samfélagsins alls. Skýrar reglur þurfa að gilda um vindorkuvirkjanir t.d. um stærð
86 þeirra, efni, lit og annað eftir því hver áhrif þeirra eru á umhverfið sem þær eru í.
87 ● Ef ráðist er í byggingu vindorkuvirkjana þarf að leggja mat á fýsileika þeirra innan
88 rammaáætlunar. Framkvæmdir verða að lúta lögum og reglum um mat á
89 umhverfisáhrifum. Aðlaga skal reglur um mat á umhverfisáhrifum að byggingu
90 vindorkuvirkjana. Ekki skal gefa út leyfi til undirbúningsframkvæmda eða tilrauna
91 vegna vindorkuvirkjana fyrr en skýrar reglur um uppbyggingu þeirra liggja fyrir.
92 Útgefin leyfi verða að kveða á um ábyrgð á niðurrifi og förgun úrsérgenginna
93 vindorkuvirkjana.
94 ● Afleiðingar orkuöflunar með vindi þarf að rannsaka nánar á Íslandi og kynna fyrir
95 almenningi áður en teknar eru óafturkræfar ákvarðanir. Gera skal ríka kröfu til þess
96 að sýna fram á hvort vindorkuvirkjanir samræmist og falli að íslenskum aðstæðum,
97 náttúru, víðernum og samfélagi.
98 ● Vindorkuvirkjanir eiga aðeins heima á þegar röskuðum svæðum á landi með tengingu
99 við vatnsaflsvirkjanir Landsvirkjunar. Þegar kemur að úthlutun takmarkaðra
100 sameiginlegra gæða eins og virkjanaleyfa skulu fyrirtæki í almannaeigu hafa forgang.

Velferðarnefnd

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39

Velferðarsamfélagið

Velferðarsamfélagið er samfélag félagslegs réttlætis og velferðar einstaklinga og fjölskyldna, þar sem ríkir virðing fyrir fjölbreytileika og almannþjónusta mætir þörfum hvers og eins. Velferð og félagslegt réttlæti eru ein af grunnstoðum sjálfbærrar þróunar. Árangur í baráttunni við loftslagsbreytingar og vernd líffræðilegrar fjölbreytni er grunnforsenda fyrir velferðarsamfélaginu.

Lykilþættir velferðarsamfélags eru öflug félags-, velferðar- og heilbrigðisþjónusta, aðgengi að öruggu húsnæði og að framfærsla fólks dugi til að lifa heilbrigðu og valfrjálsu lífi.

Aðgengi að velferðarþjónustu eru mannréttindi. Mikilvægt er að forgangsraða þjónustu til fyrir þau sem njóta ekki sömu tækifæra vegna aðstæðna sinna. Forvarnir, snemmtæk þjónusta og samþætting þjónustu ólíkra kerfa eru lykilatriði til framtíðar.

Félags- og velferðarþjónusta

Sterk og fagleg félags- og velferðarþjónusta er grundvallarstoð í réttlátu og öflugum samfélagi. Íbúar allra sveitarfélaga þurfa að hafa gott aðgengi að félagslegri ráðgjöf og þjónustu sem mætir þörfum þeirra í ólíkum áskorunum á lífsleiðinni. Heildarsýn, virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings, hjálp til sjálfshjálpar og stuðningur til fullrar þátttöku í samfélaginu skal vera markmið góðrar velferðar- og félagsþjónustu.

- Réttur fólks til grunnþjónustu á að vera tryggður með skilgreiningu á lánmarksþjónustuviðmiði ríkis og sveitarfélaga. Samþætta þarf þjónustu ólíkra kerfa til að mæta sem best þörfum einstaklinga og fjölskyldna með virðingu fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og styrkleikum fólks. Réttur til þjónustu á ávallt að byggja á þörfum hvers og eins, óháð aldri og stöðu og skal rauði þráðurinn í allri þjónustu vera valdefling.
- Öll börn eiga að hafa jafnt aðgengi að frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
- Brýnt er að endurskoða lög og bæta aðstæður langveikra og alvarlega fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.
- Það þarf að styðja betur og valdefla þolendur hvers kyns ofbeldis og koma á viðeigandi laga- og reglugerðarumhverfi fyrir þjónustu vegna ofbeldis, með áherslu á forvarnir og stuðning við þolendur og gerendur ofbeldis.
- Samþætta og efla skal þjónustu sveitarfélaga og heilbrigðiskerfis við eldra fólk svo það geti búið heima eins lengi og kostur er og draga þannig úr þörf fyrir fjölgun hjúkrunarrýma. Leggja ber áherslu á fjölgun endurhæfingar- og dagvistunarrýma.

Heilbrigðisþjónusta

Greiður aðgangur að heilbrigðisþjónustu er meðal mikilvægustu réttinda einstaklinga og jafnframt hagur samfélagsins í heild. Þjónustan skal miða að bættum lífsgæðum og jöfnuði óháð efnahag, búsetu eða aðstæðum. Heilbrigðisþjónusta skal vera fjármögnuð með skattfé og starfrækt á opinberum grunni. Einkarekstur í ágóðaskyni á ekki heima í

40 heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að *Heilbrigðisstefnu til ársins 2030* verði fylgt og
 41 aðgerðaáætlanir hennar verði fjármagnaðar að fullu. Horfa þarf heildstætt á alla
 42 velferðarþjónustu og tryggja samþættingu ólíkra kerfa.

- 43 • Gott aðgengi að heilnæmu umhverfi er lýðheilsuþáttur og efla þarf forvarnir með
 44 fræðslu í heilbrigðisþjónustu hins opinbera. Bak við allar þýðingamiklar breytingar
 45 sem snerta lýðheilsu þjóðarinnar þarf að liggja lýðheilsuþáttur í samræmi við
 46 velsældarhagkerfið sem stefnt er að.
- 47 • Heilbrigðisútgjöld þurfa að lækka sem hlutfall af tekjum heimila og sjúklingagjöld í
 48 heilsugæslu og á sjúkrahúsum skulu afnumin. Lágmarka á gjöld fyrir sérfræðiþjónustu
 49 og lækka lyfjakostnað sjúklinga með hagkvæmari innkaupum.
- 50 • Aðgengi að lyfjum má ekki ráðast af öðru en faglegu mati lækna og alls ekki af
 51 fjárráðum viðkomandi sjúklings eða þeim fjölda sem þarf á sama lyfi að halda. Lyf
 52 fyrir börn og ungmenni skulu vera endurgjaldslaus.
- 53 • Heilsugæslan sinnir grunnþjónustu við íbúa í nærumhverfi með þverfaglegu teymi
 54 heilbrigðisstétta og hana þarf að efla frekar. Það á líka við um heilbrigðisþjónustu í
 55 öllum landshlutum þar sem áhersla skal lögð á heilsueflingu, endurhæfingu,
 56 bráðþjónustu og gott aðgengi að öruggri fæðingarþjónustu.
- 57 • Marka þarf skýra stefnu um það hvaða þjónusta önnur en hefðbundin
 58 heilsugæsluþjónusta, s.s. þjónusta sérgreinalækna, teljist til nærþjónustu og skuli
 59 veita reglulega í öllum heilbrigðisumdæmum.
- 60 • Sjúkrahúsið á Akureyri á að verða fullgilt háskólasjúkrahús sem getur gegnt enn
 61 stærra hlutverki í menntun heilbrigðisfagfólks, sjúkraflugi og almannavörnum á
 62 landsvísu.
- 63 • Brýnt er að ljúka við byggingu nýs Landspítala og jafnframt efla hann í að sinna sínu
 64 fjölpætta hlutverki sem háskólasjúkrahús með öflugum vísindarannsóknum á
 65 heilbrigðisviði. Skýra þarf hlutverk spítalans gagnvart landsbyggðinni og fjárveitingar
 66 til hans þurfa að taka tillit þess, s.s. vegna mönnunar og tæknibúnaðar tengdum
 67 fjarþjónustu.
- 68 • Bætt vinnuaðstaða og kjör heilbrigðisstarfsfólks getur orðið til þess að fleiri sækja
 69 menntun á heilbrigðisviði. Eins þarf að bregðast við brotthvarfi heilbrigðisstarfsfólks
 70 úr starfi og leita leiða til að fá nýútskrifað fólk til starfa. Því er mikilvægt að skilgreina
 71 fjölda skjólstaðinga á starfsmann og tryggja með því aukin gæði og öryggi allra.
- 72 • Biðlistar eftir greiningum og þjónustu við börn þurfa að stytta og fræðsla til
 73 umönnunaraðila þarf að vera tryggð. Efla þarf frekar geðheilbrigðisþjónustu í
 74 nærsamfélaginu þar sem batahugmyndafræðin er höfð að leiðarljósi. Samhliða
 75 eflingu þjónustunnar þarf að tryggja réttindi geðsjúkra, vinna gegn fordómum um
 76 geðsjúkdóma og hrinda í framkvæmd stefnumörkun í geðheilbrigðismálum.
 77 Mikilvægt er að auka áhrif notenda á þjónustuna á öllum stigum.
- 78 • Þörf er á markvissri stefnu í áfengis-, tóbaks- og vímuvarnarmálum og festa hana í
 79 sessi í lögum og reglugerðum.

- 80 • Vöntun er á meðferðarúrræðum um allt land fyrir fólk með áfengis- og
81 vímuefnavanda og stuðningsúrræðum eftir að meðferð lýkur. Fyrir fólk í neyslu þurfa
82 úrræði skaðaminnkunar og almenn heilsuvernd að vera aðgengileg.

83 Húsnæðismál

84 Grundvallarþáttur í velferð einstaklinga og fjölskyldna er að geta eignast öruggt heimili. Það á
85 að tryggja aðgengi allra að öruggu og heilsusamlegu húsnæði á viðráðanlegu verði. Sjálfbær
86 og fjölbreyttur húsnæðismarkaður með félagslegri blöndun, sterkum innviðum og náttúrunni
87 umlykjandi þarf að vera meginsteff í allri uppbyggingu. Það á að hafna uppbyggingu húsnæðis
88 út frá hagnaðarsjónarmiðum og koma böndum á síhækkandi húsnæðisverð og gróðradrifna
89 uppbyggingu verktaka. Brýnt er að ná utan um kolefnisspor byggingariðnaðarins og gera
90 áætlanir um að draga hratt og örugglega úr því svo stemma megi stigu við
91 loftslagsbreytingum.

- 92 • Stjórnvöldum ber að móta skýra stefnu í húsnæðismálum og hafa öflugt eftirlit með
93 húsnæðismarkaðnum hverju sinni. Aðgerðir stjórnvalda eiga að byggja á gögnum og
94 tryggja að hagsmunir þeirra verst settu séu hafðir að leiðarljósi.
- 95 • Stjórnvöld eiga að skoða af fullri alvöru að endurreisa félagslega eignaíbúðakerfið til
96 að fjölga valkostum á húsnæðismarkaði.
- 97 • Það á að tryggja aukið framboð af fjölbreyttu leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði um
98 allt land. Til þess á að efla óhagnaðardröfin leigufélög svo auka megi möguleika á
99 öruggri langtímaleigu á viðráðanlegu verði. Með því að auka aðgengi þeirra að lánsfélögum
100 og fjölga stofnstyrkjum innan almenna íbúðakerfisins er hægt að tryggja öruggan
101 rekstrargrundvöll þeirra. Skýrari lagaramma skortir um leigumarkaðinn og aukið
102 eftirlit. Koma þarf í veg fyrir óhóflegar hækkningar umfram verðlagshækkningar á
103 leigumarkaði, til dæmis með því að innleiða leigubremsu- eða þak.
- 104 • Halda skal áfram að þróa hlutdeildarlán sem ætluð eru fyrstu kaupendum til að gera
105 fleirum kleift að komast inn á húsnæðismarkaðinn.
- 106 • Standa þarf vörð um Húsnæðissjóð, sem stofnaður var að norrænni fyrirmynd, til að
107 fjármagna húsnæði á samfélagslegum grunni.

108 Vinnumarkaðsmál

109 Það er hlutverk stjórnvalda að skapa umhverfi þar sem heilbrigður vinnumarkaður getur
110 þróast. Það er gert með lagaumhverfi sem kemur í veg fyrir mismunun og misnotkun, virku
111 eftirliti og afleiðingum fyrir þau sem brjóta gegn starfsfólki. Vinnumarkaðurinn á að vera
112 sveigjanlegur, opinn og öruggur þar sem fólk með mismikla starfsgetu fær raunveruleg
113 tækifæri til að njóta sín í starfi og frístundum. Verkalýðshreyfingin er sterkasta afl vinnandi
114 fólks til að sækja fram og verja réttindi launafólks og stjórnvöld eiga að vera í virku samtali og
115 samstarfi við verkalýðshreyfinguna um að finna leiðir til að bæta kjör fólks í landinu.

- 116 • Lágmarkslaun eiga að duga til framfærslu.
- 117 • Útrýma á launamun kynjanna með því að endurmeta virði kvennastarfa og brjóta upp
118 hinn kynskipta vinnumarkað.
- 119 • Styttu á vinnuvikuna enn frekar.
- 120 • Launaleynd skal með öllu afnumin.

- 121 • Innleiða á lýðræði á vinnustöðum.
- 122 • Stöðva skal félagsleg undirboð, gerviverktöku, launaþjófnað og mansal.
- 123 • Það á að tryggja ábyrgð vinnuveitanda á vinnuástöðu launafólks samhliða þróun í átt
- 124 að aukinni fjarvinnu fólks.
- 125 • Það á að tryggja fullnægjandi upplýsingar um íslenskan vinnumarkað til þeirra sem
- 126 koma erlendis frá að vinna á Íslandi.
- 127 • Vinnumarkaðurinn á að vera opin fyrir fjölbreytileika fólks í samfélaginu og bjóða
- 128 upp á mun fleiri hlutastörf og sveigjanleg störf en nú er. Auka á sérstaklega tækifæri
- 129 fatlaðs fólks á vinnumarkaði.
- 130 • Eldra fólk á að hafa sveigjanleika við starfslok og það á að gera því kleift að vera virkt
- 131 á vinnumarkaði.
- 132 • Meta þarf áhrif loftslags- og tæknibreytinga á íslenskan vinnumarkað og setja fram
- 133 aðgerðir til að mæta þeim, þar sem réttlát umskipti eru lykilatriði.
- 134 • Endurmenntun og símenntun á að vera aðgengileg fyrir fólk í öllum störfum. Vinna
- 135 þarf nýja stefnu og löggjöf um framhaldsfræðslu svo betur megi takast á við
- 136 samfélagsþróun og breytingar á vinnumarkaði.

137 **Almannatryggingar**

138 Almannatryggingakerfið er ein meginstöð velferðarkerfisins. Umbylta þarf þjónustukerfi

139 örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, bæta hag þeirra sem verst standa og auka tækifæri

140 þeirra til atvinnu. Byggja þarf upp kerfi sem tryggir fólki sem missir starfsgetu framfærslu,

141 tækifæri og nægan tíma til að endurheimta getu sína að hluta eða öllu leyti. Kerfið þarf

142 einnig að tryggja að fólk sem hefur litla sem enga starfsgetu geti lifað góðu og innihaldsríku

143 lífi án þess að hafa áhyggjur af framfærslu sinni. Almannatryggingakerfi eldra fólks þarfnast

144 einnig endurbóta og bæta þarf kjör þeirra verst settu innan þess.

- 145 • Grípa þarf snemma inn í þegar fólk tapar starfsgetunni og tryggja í auknum mæli
- 146 þjónustu og stuðning strax á fyrstu stigum, m.a. með öflugri starfsendurhæfingu, svo
- 147 auka megi möguleika á endurkomu á vinnumarkað.
- 148 • Með bættri framkvæmd í þjónustu hins opinbera má auka traust fólks til
- 149 almannatryggingakerfisins. Það þarf að fjölga tækifærum fólks innan þess til aukinnar
- 150 virkni og einfalda greiðslukerfi almannatrygginga fyrir endurhæfingar- og
- 151 örorkulífeyrisþega. Með því að draga úr tekjutengingum og gera það gagnsærra,
- 152 skilvirkara og réttlátara er hægt að auka traust á kerfi sem á að taka utan um fólk sem
- 153 hallast stendur fæti. Að sama skapi þarf að halda áfram að bæta afkomu
- 154 ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega.

155 *Stefna lögð fram af Steinunni Þóru Árnadóttur, Guðrúnu Ágústu Guðmundsdóttur*
156 *og Elínu Oddnýju Sigurðardóttur*

157 **Málefni fatlaðs fólks**

158 **Fatlað fólk er hluti af fjölbreytileika samfélagsins sem samanstendur af mannlegum**
159 **margbreytileika. Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega,**
160 **andlega eðnavitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun. Fatlað fólk verður fyrir ýmiss**
161 **konar hindrunum vegna umhverfis og viðhorfa sem geta komið í veg fyrir fulla og**
162 **árangursríka samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra. Hindranir samfélagsins valda**
163 **fötlun fólk vanda í daglegu lífi frekar en skerðingin sjálf og því þarf að breyta. Fatlað fólk**
164 **á að hafa sömu tækifæri og annað fólk til að geta tekið þátt í samfélaginu á sínum**
165 **forsendum og lifað sjálfstæðu lífi án aðgreiningar.**

166 **Aðgengi er forsenda þátttöku. Gera þarf fötlun fólk kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka**
167 **fullan þátt á öllum sviðum samfélagsins. Tryggja þarf aðgengi allra að hinu efnislega**
168 **umhverfi, samgöngum, upplýsingum og samskiptum sem og allri annarri þjónustu eða**
169 **aðstöðu sem almenningi stendur til boða, óháð búsetu. Þá á að tryggja fötlun fólk**
170 **fjölbreytt námsframboð og atvinnu.**

- 171 • Það á að lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og tryggja
172 jöfn réttindi til sjálfstæðs lífs án aðgreiningar.
- 173 • Fatlað fólk á að hafa val um húsnæði og geta ráðið með hverjum það býr. Því á ekki
174 að skilyrða rétt fatlaðs fólks til viðeigandi stuðningsþjónustu við eitthvert tiltekið
175 búsetuform.
- 176 • Fatlað fólk skal hafa val um hvernig sú þjónusta sem það þarfnast er veitt. Ávallt skal
177 leggja áherslu á virðingu fyrir ólíkum einstaklingum og þörfum þeirra og viðhafa virkt
178 notendasamráð við veitingu hvers kyns þjónustu.
- 179 • Tryggja þarf sjálfræði fatlaðs fólks og rétt þess til frelsis, athafna og upplifunar á eigin
180 heimili, til náms, atvinnuþátttöku sem og í tómstundum.
- 181 • Fatlað fólk á að geta notið fjölskyldulífs til samræmis við aðra í samfélaginu.
- 182 • Fatlað fólk er sá hópur fólks sem er berskjaldaðastur fyrir margs konar ofbeldi.
183 Fatlaðar konur og börn verða oftast fyrir fjölþættri mismunum og ofbeldi. Ofbeldi
184 gagnvart fötlun fólk á aldrei að líðast og það á að leggja allt kapp á að uppræta það
185 og fyrirbyggja að það geti átt sér stað.
- 186 • Mismunun getur verið fjölþætt og birst ólíkum hópum með ólíkum hætti. Sérstaklega
187 þarf að huga að fötlun fólk sem býr við fjölþætta mismunun eins og kynhneigð,
188 uppruna, aldur, trúarskoðanir eða atgervi.
- 189 • Fatlað fólk og fötlun börn eiga að vera örugg og frjáls og njóta mannréttinda sinna í
190 skilningsríku og fordómalausum samfélagi. Tryggja þarf að fötlun börn fái notið allra
191 mannréttinda og frelsis til jafn við önnur börn.
- 192 • Örorkubætur eiga ekki að vera undir lágmarkslaunum.

- 193 • Vinnumarkaður á að vera sveigjanlegur og hlutastörf eiga að standa fólki með
194 mismikla starfsgetu til boða. Veita skal viðeigandi stuðning til þátttöku á
195 vinnumarkaði.
- 196 • Fatlað fólk, þar með talin fötluð börn, eiga að njóta menntunar á öllum skólastigum
197 án aðgreiningar.
- 198 • Það þarf að efla hvers kyns endurhæfingu. Nám er hluti af atvinnutengdri
199 endurhæfingu.
- 200 • Stafrænar lausnir þurfa að uppfylla kröfur um aðgengi.
- 201 • Viðbragðsáætlanir og aðgerðir Almannaþinganna og annarra viðbragðsaðila eiga einnig
202 að ná til fatlaðs fólks svo sem rýmingaráætlanir vegna náttúruhamfara og
203 sóttvarnaráætlanir.